



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri
Árnesi
804 Selfoss

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
Stjórnarráðshúsini við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 15. maí 2023
Tilv.: FOR23020139/9.1.1

Hjálagður er úrskurður forsætisráðuneytisins nr. 2/2023 í máli FOR23020139,
kæra Jarðefnaiðnaðar ehf. vegna ákvörðunar sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Fyrir hönd ráðherra


Páll Þorhallsson


Guðrún Arna Loftsdóttir

Fylgiskj.: Úrskurður forsætisráðuneytisins frá 15. maí 2023

Árið 2023, hinn 15. maí, er í forsætisráðuneytinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður

nr. 2/2023 í máli FOR23020139

kæra Jarðefnaiðnaðar ehf.

vegna ákvörðunar

sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps

I. Kröfur og kæruheimild

Hinn 23. febrúar 2023 barst ráðuneytinu kæra frá Dagmar Sigurðardóttur lögmanni f.h. Jarðefnaiðnaðar ehf. (hér eftir nefndur kærandi) vegna ákvörðunar sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir nefnt kærði) um að gera samning við ST eignarhaldfélag ehf. f.h. óstofnaðs einkahlutafélags um efnistöku í Búrfellshólmsnámu. Kærandi krefst þess að forsætisráðuneytið felli úr gildi ákvörðun kærða um að gera samning við ST eignarhaldfélag um efnistöku í námunni. Þá krefst kærandi þess að kærða verði gert að ganga til samninga við hann í samræmi við útboðsskilmála og tilboð kæranda og þau lög sem eiga við um ráðstöfun samnings um efnistökuna en kærandi hafi verið með eina gilda tilboðið.

Ákvörðun kærða er kærð til ráðuneytisins á grundvelli lokamálsl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu.

II. Málsatvik og málsmeðferð ráðuneytisins

Málavextir eru þeir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur birti á heimasíðu sinni, dags. 14. nóvember 2022, og í Dagskránni á Selfossi og Fréttablaðinu 17. nóvember 2022, auglýsingu um útboð á efnistöku í Búrfellshólmsnámu innan þjóðlendu. Í útboðslýsingu kom meðal annars fram að með samningnum fengi samningshafi heimild til að nýta námuna, selja efni úr henni og veita fyrirtækjum þjónustu gegn gjaldi. Það fyrirtæki sem uppfyllti alla skilmála útboðsins og byði hæsta einingarverð til samningsgjafa fengi efnistökuréttinn. Í útboðinu fælist að nýta námuna á næstu tíu árum með möguleika á framlengingu samnings til fimm ára. Tvö tilboð bárust við útboðið, annars vegar frá kæranda og hins vegar frá ST eignarhaldfélagi ehf. f.h. óstofnaðs einkahlutafélags, sem átti hærra tilboðið. Kærandi og kærði áttu í bréfasamskiptum á tímabilinu 16. desember 2022 til 3. janúar 2023 þar sem meðal annars kom fram sú afstaða kæranda að hann teldi tilboð hæstbjóðanda ógilt. Á fundi sveitarstjórnar, dags. 4. janúar 2023, var samþykkt að taka tilboði hæstbjóðanda og var sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum. Í fundargerð sveitarstjórnar kom jafnframt fram að sveitarstjóri hefði kannað hæfi hæstbjóðanda og félagið uppfyllti þær kröfur sem settar voru fram á hendur bjóðenda. Með bréfi kærða, dags. 19. janúar 2023, var kæranda tilkynnt um framan-

greinda niðurstöðu. Forsætisráðuneytinu hefur ekki borist undirritaður samningur milli leyfisveitanda og leyfishafa til samþykktar í samræmi við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Kærandi telur að kærði hafi farið að lögum við val á tilboði hæstbjóðanda í kjölfar útboðsins og kærða hafi verið óheimilt að ganga að tilboði sem gert var fyrir hönd óstofnaðs félags sem ekki hafi uppfyllt hæfiskröfur útboðsins. Kominn sé upp ágreiningur um veitingu leyfis og því geri kærandi kröfu um að ráðherra skeri úr ágreiningi samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins um efni kærunnar og bárust þær athugasemdir 20. mars 2023. Veitti ráðuneytið kæranda tækifæri til að koma að frekari sjónarmiðum í málínu og bárust þau 19. apríl 2023.

Óþarf er að rekja frekar það sem fram kemur í gögnum málsins með vísan til 31. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðuneytið hefur haft hliðsjón af öllum gögnum málsins við úrlausn þess.

III. Niðurstaða ráðuneytisins

Um kæruheimild vísar kærandi til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Þar segir að rísi ágreiningur um veitingu leyfa sveitarstjórnar skeri ráðherra úr honum. Samkvæmt 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6 frá 31. janúar 2022, fer forsætisráðuneytið með málefni sem varða þjóðlendur.

Til umfjöllunar er ákvörðun kærða um að taka tilboði ST eignarhaldsfélags ehf. f.h. óstofnaðs einkahlutafélags í kjölfar útboðs á efnistöku í Búrfellshólmssnámu. Krefst kærandi þess að ákvörðunin verði felld úr gildi og kærða verði gert að ganga til samninga við hann í samræmi við útboðsskilmála og tilboð kæranda og þau lög sem eiga við um ráðstöfun samnings um efnistökuna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 eru engum heimil afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig nema að fengnu leyfi og að uppfylltum skilyrðum laga að öðru leyti. Er leyfisveitingarvaldinu samkvæmt 3. gr. skipt á milli sveitarstjórnar annars vegar og forsætisráðuneytisins hins vegar. Samkvæmt 1. málsl. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu að öðru leyti en greinir í 2. mgr. Sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki ráðherra, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 3. gr., en þó þarf samþykki ráðherra fyrir allri nýtingu náma og annarra jarðefna, sbr. 3. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Úrskurðarvald ráðherra samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 á einungis við ef ágreiningur ríss um leyfisveitingu sveitarfélaga sem er til skemmri tíma en eins árs. Í þessu máli er um að ræða veitingu leyfis sveitarfélags fyrir heimild til efnistöku í námu til tíu ára innan þjóðlendu en samþykki ráðherra þarf fyrir allri nýtingu náma og annarra jarðefna óháð tímalengd samninga samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna. Er því ljóst að ekki liggur fyrir kæranleg ákvörðun í máli þessu og verður kærunni því vísað frá ráðuneytinu.

Eðli málsins samkvæmt reynir því ekki á úrskurðarvald ráðherra í þeim tilvikum þegar ráðstöfun lands og landsréttinda er háð samþykki ráðherra, enda felst í samþykktarhlutverki forsætisráðuneytisins könnun á því hvort fyrirhuguð leyfisveiting sveitarstjórnar sé í samræmi við lög og reglur, bæði að formi og efni. Þetta á t.d. við um að gætt hafi verið réttra reglna við undirbúning ákvörðunar

um hver eigi að fá réttindin. Þá þarf ráðherra að gæta þess að ráðstöfun og meðferð þeirra réttinda sem verið er að heimila uppfylli þær kröfur sem fram koma í lögum, t.d. um umgengni og frágang, og sé í samræmi við þá stefnumörkun sem Alþingi og stjórnvöld hafa mótað á grundvelli laga um þau réttindi sem í hlut eiga.

Úrskurðarorð:

Kæru þessari er vísað frá ráðuneytinu.

Fyrir hönd ráðherra



Páll Þórhallsson



Guðrún Árna Loftsdóttir